

Borgarráð 5. september 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um afgreiðslu byggingarleyfis á Jöfursbás 1

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um ástæður þess að búið er að samþykka uppbyggingu á Jöfursbás 1 án þess að leiðrétting hafi farið fram á gatnagerð þar sem landslagsbreytingar sem gerðar voru uppfylla ekki skilyrði samkvæmt skipulagslögum og reglugerðum. Þess utan passar gatnagerð ekki við lóð Loftkastalans sem er 60 cm. of há. Vísað er til 35. liðar fundargerðar afgreiðslufundar byggingarfulltrúa dags. 27. ágúst sl. (USK24040310)

Greinargerð:

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs var samþykkt leyfi til að byggja fjögur 4-6 hæða fjölbýlishús, með 83 íbúðum, atvinnurýmum á tveimur hæðum í vesturenda, á bílakjallara með 35 stæðum sem tengist aðliggjandi bílakjallara (Jöfursbás 3) og verða innkeyrsla og flóttaleiðir samnýttar á lóð nr. 1 við Jöfursbás. Þetta er samþykkt þó enn hafi ekki fengist lausn á máli Loftkastalans. Það er ekki búið að leiðrétta gatnagerð því landslagsbreytingar sem gerðar voru uppfylla ekki skilyrði samkvæmt skipulagslögum og reglugerðum. Það hlýtur jú að vera þannig að eignarréttur sé friðhelgur og að Reykjavíkurborg hafi ekki heimild til að breyta hæð á lóðarmörkum nema með samþykki lóðarhafa.